

# Álagning fasteignagjalda í Mosfellsbæ 2021

Álagning fasteignagjalda byggir á gildandi fasteignamati allra fasteigna eins og það er í janúar ár hvert. Álagning fasteignagjalda fer fram á vegum fjármáladeildar Mosfellsbæjar sem einnig hefur umsjón með leiðréttingum, reikningagerð og innheimtu. Bæjarstjórn Mosfellsbæjar samþykkti á 773. fundi sínum að álagning fasteignagjalda 2021 verði sem hér segir:

## Fasteignagjöld íbúðarhúsnæðis: A - skattflokkur

Íbúðir og íbúðarhús ásamt lóðarréttindum, erfðafestulönd í dreifbýli og jarðeignir, útihús og mannvirki á bújörðum sem tengd eru landbúnaði, öll hlunnindi og sumarbústaðir ásamt lóðarréttindum.

Fasteignaskattur A	0,207%	af fasteignamati húss og lóðar
Vatnsgjald	0,070%	af fasteignamati húss og lóðar
Fráveitugjald	0,105%	af fasteignamati húss og lóðar
Lóðarleiga A	0,316%	af fasteignamati lóðar
Sorphirðugjald	kr. 41.000	pr. íbúð

## Fasteignagjöld stofnana: B - skattflokkur

Sjúkrastofnanir samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu, skólar, heimavistir, leikskólar, íþróttahús og bókasöfn.

Fasteignaskattur B	1,320%	af fasteignamati húss og lóðar
Vatnsgjald	0,070%	af fasteignamati húss og lóðar
Fráveitugjald	0,105%	af fasteignamati húss og lóðar
Lóðarleiga B	1,100%	af fasteignamati lóðar

## Fasteignagjöld annars húsnæðis: C - skattflokkur

Aðrar fasteignir en falla undir A og B flokk t.d. verslanir, iðnaðar- og skrifstofuhúsnæði

Fasteignaskattur C	1,560%	af fasteignamati húss og lóðar
Vatnsgjald	0,070%	af fasteignamati húss og lóðar
Fráveitugjald	0,105%	af fasteignamati húss og lóðar
Lóðarleiga C	1,100%	af fasteignamati lóðar

Yfirlit yfir gildandi gjaldskrár Mosfellsbæjar má finna á vefsíðunni [www.mos.is](http://www.mos.is)

## Birting álagningar, gjalddagar og greiðsla fasteignagjalda

Álagning er birt rafrænt á [www.island.is](http://www.island.is) og íbúagátt [ibuagatt.mosfellsbaer.is](http://ibuagatt.mosfellsbaer.is) en jafnframt er hægt að óska eftir útprentuðum álagningarseðli í Þjónustuveri Mosfellsbæjar. Fasteignagjöld skiptast á tíu gjalddaga frá 1. febrúar til 1. nóvember. Eindagi fasteignagjalda er þrjátíu dögum eftir gjalddaga og fellur allur skattur ársins í gjalddaga ef vanskil verða. Sé fjárhæð fasteignagjalda undir kr. 40.000 er gjalddagi þeirra 1. febrúar.

Greiðslu má inna af hendi með greiðsluseðlum, í heimabanka og í bönkum. Jafnframt er hægt að greiða fasteignagjöldin með beingreiðslum eða boðgreiðslum. Nánari upplýsingar um greiðslumöguleika fást í Þjónustuveri Mosfellsbæjar. Greiðsluseðlar eru almennt ekki sendir nema þess hafi verið óskað sérstaklega á íbúagátt [ibuagatt.mosfellsbaer.is](http://ibuagatt.mosfellsbaer.is) eða í Þjónustuveri.

## Afsláttur til tekjulágra elli- og örorkulífeyrisþega af fasteignaskatti og fráveitugjaldi

Lækkunin er reiknuð sjálfkrafa í samvinnu við Þjóðskrá Íslands og Ríkisskattstjóra og stuðst við síðasta skattframtal. Afslátturinn er færður til lækkunar á fasteignagjöldum á álagningarseðli. Nánari reglur má finna á vef Mosfellsbæjar [www.mos.is](http://www.mos.is).

Tekjumörk elli- og örorkulífeyrisþega eru sem hér segir:

2021 Afsláttur	Tekjur einstaklinga 2019		2021 Afsláttur	Tekjur samskattaðra einstaklinga 2019	
	Frá	Til		Frá	Til
100%		5.449.999	100%		7.083.999
80%	5.450.000	5.783.999	80%	7.084.000	7.518.999
60%	5.784.000	6.138.999	60%	7.519.000	7.980.999
40%	6.139.000	6.515.999	40%	7.981.000	8.470.999
20%	6.516.000	6.916.999	20%	8.471.000	8.990.999

Nánari upplýsingar fást hjá Mosfellsbæ í síma 525-6700 eða á netfanginu [mos@mos.is](mailto:mos@mos.is)